

Höfn Verkefni	1999 m.kr.	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.	Hluttur ríkissj.
Kópavogur					
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir					
	261,8	276,3	340,6	179,6	
REYKJAVÍK					
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir					
ALLT LANDID					
Óskipt:	5,8	7,8	9,0	9,9	
Heildarkostnaður hvert ár:	1.037,5	1.287,8	1.442,6	1.325,9	

Samtals árin 1999–2002: 5.093,8

Þar af hluttur ríkisins: 3.419,0

Hluttur hafnarsjóða: 1.674,8

Samgönguráðuneytinu, 8. mars 1999.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

Nr. 19

16. mars 1999

LÖG

um breytingu á vopnalögum, nr. 16 25. mars 1998.

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við 7. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr málslíður sem orðast svo: Sama gildir ef slík vopn eru sérhönnuð og sannanlega ætluð til íþróttaiðkunar skv. 17. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. mars 1999.

Davíð Oddsson.

Ólafur G. Einarsson.
(L. S.)

Pétur Kr. Hafstein.

Þorsteinn Pálsson.